

Skýrsla Torfæruráðs 2023 – 2024

Skýrslan verður stutt að þessu sinni þar sem lítið hefur gerst á árinu annað enn hið ágætasta keppnishald. Haldnar voru 5 umferðir í Íslandsmeistaramóti ásamt 2 bikarmótum. Flestar þessar keppnir fóru vel fram án vandamála og þó að sjálfsögðu megi alltaf gera betur.

Það komu þó upp vandamál sem rekja má til óljósra reglna. Vinna er langt komin við að endurskoða reglurnar í heild sinni, til að reyna að loka fyrir að upp komi vandamál aftur af sömu orsökum. Keppendur hafa verið hafðir mikið með í ráðum við þessa endurskoðun á reglum, og hafa verið haldnir fundir með þeim. En því miður erum við ekki alveg tilbúin með nýju reglurnar, en teljum okkur vera á síðustu metrunum.

Markmið fyrir 2025 er að það verði haldin fundur hjá ráðinu eftir hverja keppni þar sem farið verði yfir athugasemdir sem borist hafa í gegnum tengilið keppenda ásamt því að fara í gegnum það sem vel var gert og það sem betur má fara.

Eftir að ég kom inn í torfæruráðið aftur hefur verið haldinn 1 fundur ásamt því að ráðið deilir eins og áður hugmyndum og vangaveltum inná messenger á facebook.

Fyrir hönd torfæruráðs,

Guðbjörn Grímsson